



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skaftárhreppur
Klausturvegi 4
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 12. mars 2025
Tilvísun: 6802

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Styrkúthlutun húsafríðunarsjóðs 2025: Húsakönnun í gamla Álftavershreppi.

Minjastofnun Íslands þakkar umsókn um styrk úr húsafríðunarsjóði vegna ofangreinds verkefnis. Ákveðið hefur verið að veita styrk að upphæð kr. **1.000.000** til rannsóknaverkefnisins.

Áður en verkefnið er hafið skal leita samráðs og samþykkis Minjastofnunar Íslands á tilhögun þess, með tölvupósti á netfangið husafridunarsjodur@minjastofnun.is. Úthlutun styrks jafngildir ekki sjálfkrafa samþykki á því hvernig verkið verður unnið.

Unnt er að fá allt að 70% af styrkjum sem eru hærrí en 300.000 kr. greidd eftir að sýnt hefur verið fram á að verkefni sé sannanlega hafið og hvernig staðið er að framkvæmd þess. Eftirstöðvar styrks verða greiddar við verklok eftir að lokaskýrsla, sem Minjastofnun samþykkir, hefur verið lögð fram. Fylla þarf út eyðublöð vegna beiðni um greiðslu á 70% af styrk og einnig vegna lokagreiðslu á styrk, en eyðublöðin er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands www.minjastofnun.is/is/sjodir/umsoknir-i-husafridunarsjod.

Ekki verður unnt að greiða styrki veitta árið 2025 fyrr en eftir 1. maí n.k.

Styrkir 300.000 kr. og lægri eru að jafnaði greiddir út eftir að verkefnum hefur verið lokið og lokaskýrslu, sem Minjastofnun samþykkir, hefur verið skilað.

Styrkur greiðist aðeins út ef gæði vinnu eru í samræmi við kröfur Minjastofnunar. Allur frágangur við verkefnið verður að vera til fyrirmyndar og í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

Lokaskýrslu skal skila til Minjastofnunar eigi síðar en 15. desember 2025.

Vakin er sérstök athygli á að styrkur fellur niður við næstu áramót hafi hann ekki verið nýttur. Mögulegt er vegna óviðráðanlegra aðstæðna og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að fresta styrk fram á næsta ár. Formlegt erindi, sem tilgreinir ástæður fyrir beiðni um frest, skal berast Minjastofnun á netfangið husafridunarsjodur@minjastofnun.is eigi síðar en 15. desember 2025.

Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa til annarra aðila eða til annarra verkefna eða annarra framkvæmda en getið er um í umsókn án skriflegs samþykkis Minjastofnunar Íslands.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Um styrki gilda **úthlutunarreglur húsafriðunarsjóðs nr. 577/2016**, sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar.

Eftirfarandi gildir jafnframt fyrir þær tegundir verkefna sem tilgreindar eru hér að neðan:

Styrkir til framkvæmdaverkefna

Til hliðsjónar við framkvæmdir skal hafa ritröð Húsafriðunarnefndar um *viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa* sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is/is/leidbeiningar. Einnig má leita til Húsverndarstofu í Árbæjarsafni til að fá ráðgjöf um viðhald og viðgerðir gamalla húsa, frekari upplýsingar má finna á <https://reykjavik.is/husverndarstofa>.

Ef um byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða skal senda Minjastofnun rafrænt afrit af uppdráttum og verkeikningum, þ.e. sömu gögn og senda þarf til byggingarfulltrúa.

Styrkir til áætlanagerðar og undirbúnings framkvæmda

Í lokaskýrslu verkefna skal koma fram stutt saga húss eða mannvirkis, uppmæling og reyndarteikning, ásamt uppdráttum og greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Styrkir til rannsókna, gerð húsakannana og útgáfu

Við kynningu á verkefninu og birtingu á niðurstöðum þess skal ætíð geta þess að það er unnið með styrk úr húsafriðunarsjóði og við útgáfu skal verkefnið auðkennt með merki Minjastofnunar Íslands á upplýsingasíðu útgefina rita.

Vakin er athygli á því að sé styrkþegi ekki skráður þinglýstur eigandi a.m.k. 50% hluta þess húss eða mannvirkis sem um ræðir þarf að afla skriflegs leyfis frá meirihluta eigenda eða eigenda a.m.k. 50% hluta. Skriflegt leyfi, undirritað af eigendum og vottað af tveimur aðilum, þarf að berast Minjastofnun Íslands áður en greiðsla styrks getur farið fram.

Styrkþega ber að fara eftir öllum þeim skilmálum og reglum sem gilda um styrki úr húsafriðunarsjóði. Komi í ljós að þeim hafi ekki verið fylgt er Minjastofnun heimilt að krefjast endurgreiðslu styrks.

F.h. Minjastofnunar Íslands

Rúnar Leifsson
forstöðumaður